



HPV-bólusetning gegn leghálskrabbameini

Til foreldra/forráðamanna stúlkna í 7. bekk

Heilbrigðisyfirvöld hófu HPV-bólusetningu gegn leghálskrabbameini haustið 2011 í samræmi við samþykkt Alþingis frá árinu áður. Bólusetningin er hluti af almennum bólusetningum barna og nær til stúlkna í 7. bekk. Bólusetning á þessum aldri fellur vel að annarri bólusetningu 12 ára barna.

Bólusettt verður í skóla dóttur ykkar og mun ykkur berast tilkynning áður en hún fer fram. Í einstaka tilfellum verður bólusettt á heilsugæslustöðvum. Bólusettt verður með bóluefninu Cervarix sem framleitt er af bóluefnaframleiðandanum GSK.

HPV er skammstöfun fyrir *Human Papilloma Virus* sem er algeng veira, einkum meðal ungs fólks, og smitast auðveldlega við kynmök. Talið er að um 80% þeirra sem stunda kynlíf smitist af veirunni einhvern tímann á ævinni, en veiran hefur margar undirtegundir sem geta valdið kynfærasjúkdómum. Í flestum tilfellum hverfur veiran úr líkamanum af sjálfu sér, en sumar tegundir hennar geta valdið viðvarandi forstigsbreytingum í leghálsi sem með tímanum geta orðið að leghálskrabbameini.

HPV-bóluefnið er fyrirbyggjandi og því þarf að bólusetja stúlkur áður en þær hefja kynmök. Bóluefnið innheldur mótefnavaka gegn tveimur algengustu tegundum veirunnar sem valdið geta leghálskrabbameini. Talið er að bólusetningin gefi um 70% vörn gegn sjúkdómnum. Við hvetjum ykkur til að ræða bólusetninguna við dóttur ykkar áður en til hennar kemur í skólanum.

Þar sem ekki fæst full vörn með bólusetningunni er nauðsynlegt að stúlkurnar fari reglulega í krabbameinsleit síðar á ævinni.



Um bólusetninguna

Bólusettt verður þrisvar sinnum á 6-12 mánaða tímabili. Til að fá bestu vörnina er mikilvægt að fá alla þrjá skammtana innan árs. Algengustu aukaverkanir bóluefnisins eru verkur, roði og bólga á stungustað en eins og gildir um aðrar bólusetningar eru alvarlegar aukaverkanir mjög sjaldgæfar. Þess eru dæmi að það líði yfir unglinga þegar þeir eru bólusettir en það orsakast ekki af bóluefninu sjálfu.

Ef þið ákveðið að þiggja ekki HPV-bólusetninguna biðjum við ykkur að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing í viðkomandi skóla símleiðis eða með tölvupósti áður en bólusetningin fer fram í skólanum.

Með kveðju

Sóttvarnalæknir



- Hugsaðu um heilsuna!

Nokkrar staðreyndir um HPV-bólusetninguna

HPV-bólusetning kemur í veg fyrir flestar forstigsbreytingar í leghálsi og minnkar þannig hættuna á að fá leghálskrabbamein.

HPV eða *Human Papilloma Virus* er mjög útbreidd veira meðal ungs fólks.

Veiran smitast við kynmök og því er nauðsynlegt að bólusetja áður en kynlíf hefst.

Til að fá bestu vörnina er nauðsynlegt að fá alla þrjá skammtana innan árs.

Frekari upplýsingar má finna á vefsetrunum www.landlaeknir.is, www.6h.is og www.lyfjastofnun.is.

